

Nd.

595. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 2. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin er klofin í þrennt.

Tillögur Framsóknarflokksins, sem meiri hluti nefndarinnar ber fram og komu fram í efri deild fyrst, álit ég að öllu leyti óviðunandi. Eins og frv. liggur nú fyrir eftir 3. umr. í efri deild, er þingmannatalan takmörkuð við 50, og var þetta samþykkt af sjálfstæðis- og framsóknarmönnum í efri deild. Þetta ákvæði tel ég ósamrýmanlegt við það ákvæði, að Alþingi skuli svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsættatölu í samræmi við atkvæðatölu hans við kosningar. Jafnvel ráð Sjálfstæðisflokksins til þess, ef þörf krefur, að ná réttum hlutföllum með því að löggilda minnihlutakosningu í sumum kjördæm-

um, er ósamrýmanlegt við ein- og tvímenningskjördæmi og meirihlutakjör í þeim, enda óframkvæmanlegt í reynd, og er þar með horfið frá hinum fyrra grundvelli. Tel ég því rétt að ákveða nánar í stjórnarskránni kjördæmaskipulagið, svo að ekki verði um villzt um framkvæmd þess, og þingmannatala þingflokka fari eftir kjósendatölu þeirra. Flyt ég því fyrir hönd Alþýðuflokksins sömu breytingartillögur við frv. sem 2. landsk. (JBald) flutti við 3. umr. í efri deild.

Legg ég því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.

a. Fyrstu efnismálsgr. skal orða svo:

Landið skal vera eitt kjördæmi. Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum. Skal Alþingi svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Til vara:

Fyrstu efnismálsgr. 1. greinar skal orða svo:

Á Alþingi eiga sæti þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum í þessum sex kjördæmum:

1. Reykjavík.
2. Suðvesturlandskjördæmi:
 - a. Gullbringu- og Kjósarsýsla,
 - b. Hafnarfjörður,
 - c. Borgarfjarðarsýsla,
 - d. Mýrasýsla,
 - e. Snæfellsnessýsla,
 - f. Dalasýsla.
3. Vesturlandskjördæmi:
 - a. Barðastrandarsýsla,
 - b. Ísafjarðarsýslur,
 - c. Ísafjarðarkaupstaður,
 - d. Strandasýsla.
4. Norðurlandskjördæmi:
 - a. Vestur-Húnavatnssýsla,
 - b. Austur-Húnavatnssýsla,
 - c. Skagafjarðarsýsla,
 - d. Eyjafjarðarsýsla (og Siglufjörður).
 - e. Akureyri,
 - f. Suður-Pingeyjarsýsla.
5. Austurlandskjördæmi:
 - a. Norður-Pingeyjarsýsla,
 - b. Norður-Múlasýsla,
 - c. Seyðisfjarðarkaupstaður,

- d. Suður-Múlasýsla (og Neskaupstaður),
 - e. Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandskjördæmi :
- a. Vestur-Skaftafellssýsla,
 - b. Vestmannaeyjar,
 - c. Rangárvallasýsla,
 - d. Árnessýsla.

Alþingi skal svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

- b. Aftan við 1. gr. bætist :

Tölu alþingismanna má breyta með lögum.

2. 1. málsg. 4. gr. skal svo orða :

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs að aldri þegar kosning fer fram og hafa ríkisborgararétt hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Alþingi, 30. apríl 1932.

Héðinn Valdimarsson.